

Starfsgreinaráð	Bygginga-og mannvirkjagreina	
Starfsheiti	Húsgagnasmiður	Löggilt iðngrein
Dagsetning	7. apríl 2022	
Útgáfunúmer	0.1	

#### Starfalýsing:

Húsgagnasmiður annast nýsmíði, gerir upp og endurnýjar gömul húsgögn og innréttingar. Smíðar leiktjöld, leikmuni og innréttingar í skip og báta. Húsgagnasmiður vinnur út frá hugmyndum og verklýsingum hönnuða eða eftir eigin teikningum. Hann velur efni og vinnuaðferðir sem henta hverju sinni. Húsgagnasmiður vinnur á verkstæði og byggingastað. Fer eftir kröfum um öryggismál, umgengni og efnameðferð og vinnur eftir öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir vinnustaði. Þekkir grundvallatriði sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir reglum um endurvinnslu og förgun. Sýnir sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og er meðvitaður um vandað handverk. Annast samskipti við verkkaupa og leiðbeinir kaupendum um val á efni og vinnuaðferðum. Er meðvitaður um kostnað og getur gert einfaldar kostnaðaráætlanir. Hefur skilning á rekstri og uppbyggingu fyrirtækja.

#### Hæfnikröfur:

Smíðar plötu- og grindarhúsgögn, sethúsgögn, útihurðir, glugga, innréttingar, hurðir og tréstiga.

Spónleggur, slípar, undirvinnur og yfirborðsmeðhöndlar fleti.

Klæðir gólf, vegg og loft innanhúss.

Þekkir lögmál og fer eftir reglum um hljóðvist, varmaeinangrun og eld- og rakavarnir.

Metur þörf og annast viðhald og breytingar á húsgögnum, innréttingum og tréverki innanhúss.

Þekkir lög og reglur um verndun og friðun húsa og gamlar byggingarhefðir og handverk.

Velur aðferðir, verkferla, verkfæri og efni sem henta hverju sinni.

Þekkir eiginleika efna og álagskrafta sem þeim tengjast.

Notar sérhæfðar vélar og tölvustýrðar trésmíðavélar.

Þekkir grunnatriði lita- og formfræði og helstu stíltímabil.

Les teikningar og deiliteikningar af einstökum húsgögnum og innréttingum.

Hannar húsgögn og innréttingar og teiknar upp deililausnir og frágang – fríhendis eða með teikniforritum.

Skipuleggur verkefni til fjöldaframleiðslu.

Þekkir lög og reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þekkir áhættumat og áhættugreiningu og fylgir öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir vinnustaði, m.a. með notkun viðeigandi öryggisbúnaðar.

Hefur tileinkað sér snyrtimennsku og gengur vel um vinnustað sinn.

Þekkir leiðir til sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir vistvænum viðmiðum í starfi og við efnisval.

Býr yfir hæfni til að vinna sjálfstætt, er meðvitaður um faglega og siðferðilega ábyrgð og getur lagt mat á eigin vinnu.